

Ölfus íþróttamannvirki – Þorlákshöfn



VERKSVIÐ VERKÍS

- Hönnun burðarþols
- Hönnun fráveitu- hreinlætis- og hitalagna
- Hönnun sundlaugarkerfa
- Hönnun loftræsilagna
- Hönnun raflagna
- Hönnun stýrikerfa
- Verkefnisstjórn og umsjón
- Framkvæmdaefirlit
- Mælingar

LÝSING

Byggingin

Byggingin er að mestu leyti 2ja hæða en anddyri, innlaug og gangur eru með tvöfaldri lofthæð. Nyrsti hluti nýbyggingar er anddyrið og er sá hluti hússins sem liggur að eldra íþróttahúsi og tengir saman íþróttahúsið og sundmiðstöðina og þar er afgreiðsla og veitingasala.

Í húsinu er vað- og leiklaug með tvöfaldri lofthæð og tengist útilaug með vaðlaug og nuddpotti. Einnig eru búningsklefar fyrir vallarsvæði í húsinu og þannig næst samnýting á húsi og íþróttavelli.

Á annarri hæð er tækjasalur, þreksalur og spa. Í spa hluta er gufubað, sauna, meðferðarherbergi, hvíldarstofa, móttaka, búningsherbergi og pottar með útsýni að sjó.

Í kjallara hússins er tæknirými fyrir öll tæknikerfi hússins.

ALMENNT UM VERKIÐ

Ný heilsu- og sundmiðstöð í Þorlákshöfn er 2ja hæða og byggð að sunnanverðu við núverandi íþróttahús og tengist íþróttahúsinu með stóru sameiginlegu anddyri sem mun nýtast bæði heilsu- og sundmiðstöð og íþróttahúsi.

Íþróttamannvirkið er byggt á árunum 2007 og 2008.

TÆKNIUPPLÝSINGAR

Afköst sundlaugarkerfa:

Útilaug – Rúmtak ~340m³ og afköst 85 m³/klst.

Vaðlaug – Rúmtak ~15m³ og afköst 30 m³/klst.

Rennibrautarlaug – Rúmtak ~40m³ og afköst 40 m³/klst.

Ólgupottur – Rúmtak ~2,9m³ og afköst 17,5 m³/klst.

Heitur pottur – Rúmtak ~2,9m³ og afköst 17,5 m³/klst.

Innivaðlaug – Rúmtak ~56m³ og afköst 70 m³/klst.

Heitur pottur í líkamsrækt – Rúmtak ~1,6m³ og afköst 9,5 m³/klst.

Ólgupottur í líkamsrækt – Rúmtak ~1,6m³ og afköst 9,5 m³/klst.

Straumfæðing er 3x400A heimtaug í 4x240 mm² álstreng frá RARIK.

